

STYRKLEIKAÆFING I. – STAÐAN Í DAG



Þessi æfing er ósköp einföld því það eina sem mig langar að biðja þig um að gera er að finna skráningarblaðið í umslagi 1 og skrifa helstu 1-5 styrkleikana þína á blaðið.

Ósköp einfalt... og þó... kannski ekki! Það sem flækir æfinguna aðeins er að þú þarft að gera hana upp á eigin spýtur, án þess að biðja um aðstoð. Fullorðna fólkið má auðvitað útskýra hvað þú átt að gera en ekki auðvelda þér æfinguna eða hjálpa þér að ákveða orðin.

Kæra barn, ég bið þig bara um að gera þitt allra besta og muna eftir órjúfanlegu reglunum: Þú mátt segja allt sem þú vilt og ekkert af því getur talist vitlaust, heimskt eða asnalegt. Athugaðu að það er fullkomlega eðlilegt að þetta sé smá erfitt og sumum getur þótt mjög erfitt að finna fleiri en einn styrkleika.

Gangi þér vel.

Leiðbeiningar

- Hér að neðan sérð þú tómar línur. Á þessar línur vil ég biðja þig um að skrifa helstu 1-5 styrkleika þína.
- Fullorðnir ættu ekki að aðstoða við að finna orð eða koma með hugmyndir að orðum.
